

Nr. 20-013 S 008 Blængur NK 125**Skipverji slasast, efnaslys**

Skipaskr.nr. 1345
Útgerð: Síldarvinnslan hf.
Smíðaður: Spánn, 1973 stál
Stærð: 1065 brl. 1723 bt.
Mesta lengd: 78,90 m Skráð lengd: 71,0 m
Breidd: 11,60 m Dýpt: 7,90 m
Vél: Wartsila, 3680 kW 1999
Fjöldi skipverja: 24



Blængur © Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. september 2019 var frystitogarinn Blængur NK 125 í höfn á Neskaupsstað.

Skipverjar höfðu lokið þrifum en þar sem gera átti úttekt á skipinu fór stýrimaður auka ferð um millidekkið og sá þá að hluti af frystibúnaði var ekki nógu vel þrifin. Fór þá háseti við annan mann að þrifa þau betur. Þar sem skipið var þá nánast komið að bryggju þurfti stýrimaðurinn að stjórna vinnu við að binda skipið og fylgdist hann því ekki með því hvernig hásetarnir væru búnir til verksins. Hreinsiefnið Chloroclean var notað við þrifin. Við lok verksins varð hásetinn var við sviða á upphandleggjum og í ljós kom að hann var illa brenndur. Brunasárin voru skoluð með vatni og síðan leitað til læknis.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn hlaut annars stigs brunasár á hægri handlegg (*sjá mynd*) en brenndist minna á þeirri vinstri;
- að skipverjinn var að þrifa frystitækið með stálull og að hans sögn með óblönduðu *Chloroclean* hreinsiefni;
- að óblandað *Chloroclean* er með mjög hátt sýrustig, pH 13,5 sem veldur varanlegum bruna á húð samkvæmt öryggisblaði;
- að það er venja að nota *Chloroclean* blandað í hlutföllunum 1:25;
- að sögn skipverjans var hann beðinn um að nota óblandað efni en aðrir skipverjar könnuðust ekki við það;



Myndin sýnir hægri handlegg slasaða eftir slysið

- að skipverjinn kvaðst hafa verið með vettlinga og ermahlífar en þeim verið hent eftir atvikið;
- að sögn annarra skipverja var hinn slasaði í vinnuslopp utan yfir ermalausan bol, gúmmívettlingum sem náðu aðeins upp fyrir úlnlið og í gúmmíbuxum og stígvélum;
- að samkvæmt öryggisblaði efnisins skal nota vinnuhanska úr PVC eða PVD/PE, efnapólin gleraugu með slettuvörn, efnapólina svuntu og gúmmístígvél. Þá skal notuð öndunargríma með viðurkenndri síu ef hætta er á úðamyndun. Ef fatnaður óhreinast af efninu skal farið strax úr honum og þvo húð vandlega með vatni og sápu eftir vinnu eins og sjá má á eftirfarandi öryggisblaði:

ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð nr. 1907/2006 (REACH) og 1272/2008.

Útgáfa: 2.0

Dagsetning: 8. desember 2015.

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **CHLOROCLEAN**

1.2. Tilgreind notkun Hreinsiefni.

2. HÆTTUGREINING

2.1.1 Flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]

Flokkun Húðæf. 1A; H314
Bráð eit. 4; H302
Málmæt. 1; H290

2.2. Merkingaratriði

2.2.1 Merkingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hættuleg innihaldsefni: Kalíumhýdroxíð
Hættumerki



Viðvörðunarorð (CLP) Hættusetningar

Hætta
H290 – Getur verið ætandi fyrir málma.
H302 – Hættulegt við inntöku.

Varnaðarsetningar

H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
P280 – Notið hlífðarhanska, hlífðarfatnað, augnhlífar, andlitshlífar.
P303+P361+P353 – BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hári): Farið strax úr fótum sem óhreinast af efninu. Skolið húðina með vatni/farið í sturtu.
P305+P351+P338 – BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P309+P311 – EF um váhrif er að ræða eða ef lasleika verður vart: Hringið í EITRUMARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

2.3. Aðrar hættur

Hættur Sjá lið 12.5 fyrir niðurstöður úr PBT- og vPvB-mati.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Til hlífðar höndum

Viðeigandi efni: PVC eða PVD/PE.
Athugið upplýsingar frá framleiðanda varðandi gegndræpi, gegnþrengingartíma og sérstakar vinnuáðstæður (áhrif ytri þátta, tímalengd snertingar). Skipta skal um hanska strax og vart verður við slit.

Til hlífðar augum

Efnapólin hlífðargleraugu með slettuvörn.

Til hlífðar húð

Efnapólin svunta. Svunta/stígvél úr gúmmí.

Til hlífðar öndun

Notið öndunargrímu með viðurkenndri síu ef hætta er á ryk- eða úðamyndun. Ræðlögð gerð síu: P2.

Hreinlæti

Augnskólunarfaska eða augnskólunarbúnaður í samræmi við viðeigandi staðla. Farið strax úr fótum og skóm sem óhreinast af efninu. Þvoið húðina vandlega með vatni og sápu eftir vinnu. Drekkjið hvorki, matist né reykjið á vinnusvæði.
Meðhöndlið í samræmi við gott hreinlætis- og öryggisverklag.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að ekki var notaður réttur hlífðarbúnaður.